

Lög Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

1 Almenn ákvæði

- 1.1 Nafn ráðsins er Ungmennaráð Hafnarfjarðar, skammstafað U.M.H., heimili þess og varnarþing er á Strandgötu 6 í Hafnarfirði.
- 1.2 Fulltrúar í U.M.H. geta orðið einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði sem eru á aldrinum 13 - 17 ára árið sem kosið er.
- 1.3 U.M.H. skal hafa umboð til athafna frá ungu fólki í Hafnarfirði.
- 1.4 Markmið U.M.H. er að veita þeim sem eru yngri en 18 ára fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum á framfæri við viðeigandi aðila.

2 Val á fulltrúum


- 2.1 Í U.M.H. eiga 21 fulltrúi sæti. 2 úr hverjum grunnskóla í Hafnarfirði, 3 úr hverjum framhaldsskóla í Hafnarfirði og 3 fulltrúar valdir í gegnum Gamla Bókasafnið og mega þeir ekki vera nemendur í grunnskóla eða framhaldsskólum í Hafnarfirði. Verði breyting á fjölda skóla í Hafnarfirði, fjölgar eða fækkar fulltrúum í U.M.H. til samræmis við það.
- 2.2 Fulltrúar í U.M.H. skulu valdir af lýðræðislega kjörnum nemendaráðum skólanna. Nemendaráðunum er þar með í sjálfsvald sett hvernig þau haga því vali. Jafnrétti kynja skal haft að leiðarljósi þegar fulltrúar eru valdir.
- 2.3 Fulltrúar í U.M.H. skulu valdir fyrir 15. september að hausti ár hvert og sitja þar til nýjir fulltrúar eru valdir að ári.
- 2.4 Nú segir fulltrúi í U.M.H. af sér eða hættir af öðrum orsökum og skal þá nemendaráð viðkomandi skóla velja nýjan fulltrúa í hans stað sem situr út kjörtímabilið. Sama gildir ef lögheimili fulltrúa í U.M.H. flyst úr Hafnarfirði.
- 2.5 Hver fulltrúi getur í mesta lagi setið í þrjú ár í röð.

3 Starfsreglur ráðsins

- 3.1 U.M.H. fundar á þriðjudögum á tveggja vikna fresti í húsnæði sem Hafnarfjarðarbær lætur í té. Starfsmenn ráðsins boða til fyrsta fundar og á honum skal ákveða fundartíma.
- 3.2 Fundarstjórn og undirbúningur funda skiptist á milli meðlima ráðsins og því er ekki kosinn eiginlegur formaður. Á fyrsta fundi hvers kjörtímabils skal sú verkaskipting ákveðin.
- 3.3 Starfsmenn ráðsins skulu tilnefndir af æskulýðsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Þeir taka ekki frumkvæði, nema ef brýna nauðsyn krefur. Starfsmenn ráðsins starfa fyrst og fremst sem ráðgjafar og mega því ekki hafa áhrif á starfsemi þess. Þeir rita einnig fundargerð ráðsins og aðstoða við að koma samþykktum þess áleiðis.
- 3.4 U.M.H. getur fellt niður fjóra fundi yfir sumartímann og jafnmarga fundi yfir vetrartímann við sérstakar aðstæður.
- 3.5 U.M.H. skal leitast við að halda fund með bæjarstjóra Hafnarfjarðar að hausti og bæjarstjórn Hafnarfjarðar að vori ár hvert.
- 3.6 Fundir ráðsins skulu fylgja almennum reglum um fundarsköp.

4 Hvernig má endurskoða lög

- 4.1 Nú samþykkir ungmennaráð breytingar á lögum þessum. Þá er kosið aftur samkvæmt óbreyttum lögum og þarf þá nýtt ungmennaráð að samþykkja breytingarnar til að þær öðlist gildi.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	18.2.2013
Málsnr:	1302223
Þrefal:	252-0

5 Ákvæði til bráðabirgða

5.1 Fyrsta ungmennaráð Hafnarfjarðar verður valið í mars 2005 og starfar fram á haust sama ár. Samkvæmt lögum U.M.H. skal valið miðast við haustið 2004.

Hafnarfirði 4. nóvember 2011